

FUNDARGERÐ

Aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Austurlands bs.

Í Blábjörgum á Borgarfirði Eystri miðvikudaginn 28. október 2020 kl. 13:30

Jón Björn Hákonarson formaður Heilbrigðisnefndar Austurlands bauð fundarmenn velkomna og tilnefndi Stefán Boga Sveinsson sem fundarstjóra og Láru Guðmundsdóttur fundarritara. Ekki komu fram aðrar tillögur og töldust þau þar með rétt kjörin.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og lýsti yfir að boðað hefði verið til fundarins í samræmi við samþykkt byggðarsamlagsins. Hluti fulltrúa tók þátt í fundinum gegnum fjarfundabúnað. Áður en að gengið var til dagskrár var farið yfir fjölda atkvæða og nöfn viðkomandi fulltrúa sveitarfélaga, skv. eftirfarandi.

Sveitarfélag	Fjöldi atkvæða á aðalfundi 2020	Fulltrúar á aðalfundi 2020
Vopnafjarðarhreppur	3	Sandra Konráðsdóttir
Fljótsdalshreppur	1	Helgi Gíslason
Múlaþing	15	Stefán Bogi Sveinsson og Helgi Hlynur Ásgrímsson
Fjarðabyggð	15	Jón Björn Hákonarson
Hornafjörður	8	Gunnhildur Imsland og Matthildur Ásmundardóttir

Á dagskrá fundarins voru eftirfarandi mál:

1. Skýrsla stjórnar fyrir árið 2019
2. Ársreikningur 2019 lagðir fram
3. Umræða um liði 1 og 2
4. Fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár
5. Gjaldskrá HAUST nr. 22/2020
6. Umræður um liði 4 og 5
7. Tillaga að breytingu á stofnsamþykkt
8. Kjörinn löggiltur endurskoðandi
9. Kjörnir tveir skoðunarmenn ársreikninga og jafnmargir til vara
10. Önnur mál

1. Skýrsla stjórnar fyrir árið 2019

Jón Björn Hákonarson flutti skýrslu stjórnar og fylgir skýrslan fundargerðinni.

2. Ársreikningur 2019 lagður fram

Leifur Þorkelsson kynnti ársreikning 2019. Reikningarnir voru endurskoðaðir af KPMG og áritaðir af skoðunarmönnum. Ársreikningurinn var tekinn fyrir fyrir heilbrigðisnefnd á fundi 6.10.2020 og þá afgreiddur til aðalfundar.

	Niðurstaða ársreiknings 2019	Áætlun 2019
Tekjur	88.985.518	87.097.400
Gjöld	86.333.327	86.760.000
Niðurstaða	2.652.191	337.400

3. Umræða um liði 1 og 2

Til máls tóku, Jón Björn Hákonarson, Leifur Þorkelsson, Stefán Bogi Sveinsson, Helgi Gíslason og Helgi Hlynur Ásgrímsson.

Fundarstjóri kallaði eftir því hvort athugasemdir væru við ársreikninginn. Svo var ekki og skoðast hann því samþykktur samhljóða.

4. Fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár

Leifur Þorkelsson kynnti fjárhagsáætlun komandi starfsárs. Drög að henni voru samþykkt á fundi heilbrigðisnefndar 6.10.2020. Í áætluninni er meðal annars gert ráð fyrir lækun á íbúaframlagi sveitarfélaga úr 30% í 29,5%.

5. Gjaldskrá HAUST nr. 22/2020

Leifur Þorkelsson kynnti tillögu að breytingu á gjaldskrá HAUST Tillagan gerir ráð fyrir ráð fyrir að upphæðir í nýrri gjaldskrá verði eftirfarandi:

Gjaldskrárbreytingar			
	2020	Tillaga 2021	Breyting
Tímagjald	13.200	13.500	2,27%
Vatnssýni	25.500	27.500	7,84%
Önnur sýni	20.000	20.500	2,50%
Ný starfsleyfi	25.000	25.600	2,40%
Endurnýjuð starfsleyfi	19.000	19.400	2,11%

6. Umræður um liði 4 og 5

Til máls tóku Helgi Hlynur Ásgrímsson, Stefán Bogi Sveinsson og Helgi Gíslason Leifur Þorkelsson svaraði fyrirspurnum.

Fundarstjóri kallaði eftir því hvort athugasemdir væru við fjárhagsáætlun. Svo var ekki og skoðast hún því samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri kallaði eftir því hvort athugasemdir væru við gjaldskrá. Svo var ekki og skoðast hún því samþykkt samhljóða.

7. Tillaga að breytingu á stofnsamþykkt

Leifur Þorkelsson kynnti tillögur að breytingum á tveimur ákvæðum í stofnsamþykkt Heilbrigðisnefndar Austurlands, sem til koma vegna vegna sameiningar Fljótsdalshéraðs, Djúpavogshrepps, Borgarfjarðarhrepps og Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Lögð var fram eftirfarandi breyting á 3. gr og 5. gr samþykktarinnar:

3. gr var fyrir breytingu

3. Starfssvæði HAUST er Austurlandssvæði sbr. 6. tl. 45. gr. laga nr. 7/1998 Aðildarsveitarstjórnir eru sammála um að svæðið skiptist í eftirtaldar undirdeildir:

Norðursvæði: Vopnafjarðarhreppur, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Borgarfjarðarhreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður

Miðsvæði: Fjarðabyggð

Suðursvæði: Djúpavogshreppur og Hornafjörður

3. gr eftir breytingu

3. Starfssvæði HAUST er Austurlandssvæði sbr. 6. tl. 45. gr. laga nr. 7/1998

5. gr fyrir breytingu

5. Til að vinna að verkefnum þeim, sem lög og reglugerðir kveða á um eða aðildarsveitarfélögin kjósa að unnið skuli að á vettvangi HAUST, skulu á fyrsta aðalfundi Heilbrigðiseftirlits Austurlands bs. eftir hverjar reglulegar sveitarstjórnarkosningar, kosnir fimm fulltrúar í heilbrigðisnefnd og jafnmargir til vara. Jafnframt skal kosinn einn fulltrúi náttúruverndarnefnda og einn til vara og leitað eftir tilnefningu eins fulltrúa og eins til vara frá samtökum atvinnurekenda á svæðinu. **Skal kjöri aðalmannanna fimm þannig háttað að tveir nefndarmannanna koma frá hverri undirdeild, nema einn frá þeirri deild sem hefur heimili og varnarþing HAUST. Í samræmi við 14. gr. laganna skiptir nefndin sjálf með sér verkum, en samkomulag er um það milli aðildarsveitarfélaganna að formaður og fulltrúi náttúruverndarnefnda komi af því svæði, sem á aðeins einn fulltrúa í nefndinni.** Fulltrúi náttúruverndarnefnda hefur málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt. Ný heilbrigðisnefnd taki til starfa á aðalfundi HAUST, eftir að fyrri nefnd hefur skilað skýrslu, ársreikningum og fjárhagsáætlun.

5. gr. eftir breytingu

Til að vinna að verkefnum þeim, sem lög og reglugerðir kveða á um eða aðildarsveitarfélögin kjósa að unnið skuli að á vettvangi HAUST, skulu á fyrsta aðalfundi Heilbrigðiseftirlits Austurlands bs eftir hverjar reglulegar sveitarstjórnarkosningar, kosnir fimm fulltrúar í heilbrigðisnefnd og jafnmargir til vara. Jafnframt skal kosinn einn fulltrúi náttúruverndarnefnda og einn til vara og leitað eftir tilnefningu eins fulltrúa og eins til vara frá samtökum atvinnurekenda á svæðinu. Skal kjöri aðalmannanna fimm háttað í samræmi við eftirfarandi töflu:

Sveitarfélag	Fulltrúar
Fjarðabyggð	1
Múlaþing	2
Hornafjörður	1
Vopnafjarðarhreppur	1
Fljótsdalshreppur	

Í samræmi við 48. gr. laga nr. 7/1998 skiptir nefndin sjálf með sér verkum en samkomulag er um það milli aðildarsveitarfélaganna að formaður og fulltrúi náttúruverndarnefnda komi úr Fjarðabyggð. Fulltrúi náttúruverndarnefnda hefur málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt. Ný heilbrigðisnefnd taki til starfa á aðalfundi HAUST, eftir að fyrri nefnd hefur skilað skýrslu, ársreikningum og fjárhagsáætlun.

Til máls tóku, Helgi Gíslason, Leifur Þorkelsson, Matthildur Ásmundardóttir og Jón Björn Hákonarson.

Að umræðu lokinni kallaði fundarstjóri eftir því hvort athugasemdir væru gerðar við breytingar á 3. gr og 5 .gr stofnsamþykktar Byggðasamlags um rekstur Heilbrigðiseftirlits Austurlands. Engar athugasemdir komu fram og skoðast breytingarnar því samþykktar samhljóða.

8. Kjörinn löggiltur endurskoðandi

Leifur Þorkelsson lagði fram tillögu um að KPMG yrði endurskoðandi.

Fundarstjóri kallaði eftir athugasemdum við þessa tillögu, eða öðrum tillögum. Engar athugasemdir komu fram og skoðast tillagan því samþykkt samhljóða.

9. Kjörnir tveir skoðunarmenn ársreikninga og jafnmargir til vara

Lagt er til að skoðunarmenn reikninga verði Ólöf Ingunn Björnsdóttir, fjármálastjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Halldóra Óskarsdóttir, sérfræðingur á fjármálasviði Múlaþings. Skoðunarmenn til vara verði Jón Þórðarson Múlaþingi og Gunnþórunn Ingólfssdóttir Fljótsdalshreppi.

Fundarstjóri kallaði eftir athugasemdum eða öðrum tillögum. Engar athugasemdir komu fram og skoðast tillagan því samþykkt samhljóða.

10. Önnur mál

Skipun heilbrigðisnefndar

Heilbrigðisnefnd skipa nú eftirfarandi:

Formaður	Jón Björn Hákonarson, Fjarðabyggð Stefán Bogi Sveinsson, Múlaþingi Helgi Hlynur Ásgrímsson, Múlaþingi Gunnhildur Imsland, Sveitarfélaginu Hornafirði Sandra Konráðsdóttir Vopnafjarðarhreppi
F.h. atvinnurekenda	Benedikt Jóhannsson
F.h. náttúruverndarnefnda	Kristín Ágústsdóttir
Varamenn:	Hjördís Helga Seljan Þóroddsdóttir, Fjarðabyggð Gauti Jóhannesson, Múlaþingi Benedikta Guðrún Svavarsdóttir, Múlaþingi Kristján Sigurður Guðnason, Sveitarfélaginu Hornafirði Ásdís Helga Bjarnadóttir, Fljótsdalshreppi
F.h. atvinnurekenda	Auður Anna Ingólfssdóttir
F.h. náttúruverndarnefnda	Lovísa Rósa Bjarnadóttir

Ekki voru fleiri önnur mál. Fundarstjóri afhenti formanni stjórn fundarins sem þakkaði fyrir góða fundarstjórn. Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14:43

Fundargerðina staðfesta Leifur Þorkelsson og Stefán Bogi Sveinsson

Skýrsla stjórnar á Aðalfundi 2020

Starfið í Heilbrigðisnefnd:

Frá síðasta aðalfundi hafa verið haldnir sex fundir í heilbrigðisnefnd þar af fimm fjarfundir auk þess sem nefndin kom saman til fundar á Eskifirði í vor. Yfirleitt hefur nefndin hist tvisvar á ári en vegna Covid-19 var fyrirhugaður fundur nefndarinnar á Egilsstöðum nú í haust haldin í gegn um fjarfundarbúnað.

Starfið innan nefndarinnar hefur gengið vel og undantekningalaust eru þau mál sem rata inn á nefndarfundi afgreidd samhljóða og í sátt. Undanfarin ár hafa málefni tveggja starfsstöðva á svæðinu ítrekað verið til umfjöllunar í Heilbrigðisnefnd vegna frávika frá kröfum sem settar eru grunni laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Heilbrigðisnefnd hefur beitt þeim vægu þvingunarúrræðum sem löggjöfin heimilar með takmörkuðum árangri til þessa. Núna er hinsvegar ekki loku fyrir það skotið að fullnægjandi úrbótum verði lokið í báðum tilfellum á næstu vikum.

Þrátt fyrir að heilbrigðisnefnd í núverandi mynd hafi aðeins starfað í tvö ár verða gerðar breytingar á henni hér í dag, í kjölfar sameiningar fjögurra aðildarsveitarfélaga í Múlaþing. Ljóst er að þau Davíð Þór Sigurðarson varformaður og Aðalheiður Borgþórsdóttir láta af nefndarsetu. Hið sama má segja um Lovísu Rósu Bjarnadóttur sem upphaflega var varamaður í nefndinni en hefur setið flesta fundi núverandi nefndar. Eru þeim þökkúð störf í þágu Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsfólk

Starfmenn HAUST eru 6, þar af 5 fastráðnir og einn í afleysingum, stöðugildin eru 4,4. Segja má að nú á haustmánuðum sé útlit fyrir að nokkur stöðugleiki sé að færast yfir starfsmannahaldið en undanfarin ár hafa einkennst að fæðingarorlofum starfsmanna og þá létu tveir reynsluboltar þau Helga Hreinsdóttir fyrrverandi framkvæmdastjóri og Hákon Hansson heilbrigðisfulltrúi á Breiðdalsvík af störfum á síðasta ári.

Fjárhagur

Byggðasamlagið hefur verið rekið með nokkrum rekstarafangi undanfarin þrjú ár og er fjárhagur þess því nokkuð traustur. Þar leiðandi hefur verið unnt að endurnýja bifreiðar embættisins og mæta óvæntum útgjöldum án lántöku eða með því að leita á náðir aðildarsveitarfélaga.

Starfsumhverfi

Um áratugaskeið hefur HAUST haft með höndum eftirlit með starfsemi sorpurðunarstaða og fiskimjölsverksmiðja f.h. Umhverfisstofnunnar skv. sérstökum samningi þar um. Í lok síðasta árs kom í ljós að stofnunin var ekki tilbúin að endurnýja þann hluta samningsins sem tekur til urðunarstaðanna og fluttist því eftirlitið með þeim yfir til Umhverfisstofnunnar frá og með áramótum þrátt fyrir ítrekuð samtöl við forstjóra Umhverfisstofnunnar. Það er sárt að horfa á eftir verkefnum flytjast frá sveitarfélögum á landsbyggðinni og yfir til ríkisstofnanna á höfuðborgarsvæðinu ítrekað á síðustu árum. Það er ennþá sárar í ljósi þess að ítrekað hefur það verið rætt við stjórnvöld og þingmenn um þann möguleika að framselja verkefni heim í hérað en þau samtöl virðast litlu skila í verki.

Enn er unnið að reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur og gera drög að reglugerðinni ráð fyrir því að hún taki gildi í ársbyrjun 2021. Ólíklegt verður að teljast að af því verði m.a. vegna þess að starfsskilyrði sem reglugerðin gerir ráð fyrir að gildi um þá starfsemi sem reglugerðin tekur til hafa ekki verið útbúin. Bent hefur verið að verði drögin samþykkt í óbreyttri mynd að reglugerð komi það til með að auka flækjustig verulega, auk þess að flytja verkefni, fjármagn og ákvörðunarvald frá sveitarfélögum til ríkisstofnunnar.

Í vor framkvæmdi KPMG greiningu á opinberu eftirliti sem unnið er skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum um matvæli. Greining þessi var unnin að beiðni Umhverfis- og auðlindaráðuneytis og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, þar sem ráðuneytunum höfðu borist ábendingar varðandi núverandi fyrirkomulag eftirlits. Í kjölfar úttektarinnar munu ráðuneytin leggja mat á það hvort þörf sé á endurskoðun núverandi kerfis. Engin viðbrögð hafa enn borist frá ráðuneytunum vegna skýrslunnar sem var skilað í maí sl. og því ekki ljóst hvort vænta megi stefnubreytingar í málaflokknum.

Að venju er að lokum vakin athygli á þeirri skoðun Heilbrigðisnefndar Austurlands að Heilbrigðiseftirlit Austurlands sé vel í stakk búið til að taka að sér frekari verkefni fyrir hönd ríkisstofnana. Enda er það allra hagur, ekki síst umhverfisins að verkefnum á borð við þau sem um ræðir sé sinnt úr nærumhverfinu.